

REGLUGERÐ

um fjárhæðir bóta slysatrygginga almannatrygginga fyrir árið 2024.

1. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt II. kafla laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga skulu vera sem hér segir fyrir árið 2024:

- Dagpeningar, skv. 3. mgr. 11. gr., 2.963 kr. á dag.
- Dagpeningar vegna barns á framfæri, skv. 3. mgr. 11. gr., 665 kr. á dag.
- Upphæð miskabóta skv. 12. gr. fer að reiknireglu 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.
- Dánarbætur, skv. 1. mgr. 13. gr., 6.127.856 kr. eingreiðsla.
- Dánarbætur, skv. 2. mgr. 13. gr., 1.202.600 kr. eingreiðsla.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða við reglugerðina verður svohljóðandi:

Ef útreikningur skv. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 108/2021 á eingreiðslu frá sjúkratryggingastofnun liggur ekki fyrir 1. janúar 2024 til þeirra sem áður hafa fengið mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun skulu þær lífeyrisgreiðslur framlengjast, þ.e. viðeigandi hlutfall af 63.020 kr. á mánuði þar til útreikningur á eingreiðslu liggur fyrir. Ef við á gildir hið sama um barnalífeyri, þ.e. viðeigandi hlutfall af 46.147 kr. á mánuði fyrir hvert barn.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. og 2. mgr. 25. gr. laga nr. 45/2015, um slysatryggingar almannatrygginga, sbr. 13. mgr. 32. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, öðlast gildi 1. janúar 2024 og kemur hún í stað reglugerðar með sama heiti nr. 694/2023.

Heilbrigðisráðuneytinu, 11. desember 2023.

Willum Þór Þórsson.

Guðlaug Einarsdóttir.